

2015:11 • 15. september 2015

Fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2015

Quarterly government accounts, 2nd quarter 2015

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 10,3 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi 2015. Það er lakari niðurstaða en á sama tíma 2014 þegar afkoman var neikvæð um 3,1 milljarð króna. Tekjuhallinn nam 1,9% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 4,8% af tekjum hins opinbera. Fyrstu sex mánuði ársins nam hallinn 17,6 milljörðum eða 4,0% af tekjum tímabilsins.

Heildartekjur hins opinbera jukust um 0,9% milli annars ársfjórðungs 2014 og 2015. Hins vegar var aukning í heildarútgjöldum hins opinbera um 4,2% á sama tímabili. Sú útgjaldaaukning skýrist aðallega af hærri launakostnaði og aukningu í tilfærsluútgjöldum. Magnbreyting samneyslu hins opinbera á öðrum ársfjórðungi 2015 frá sama tíma árið áður var 0,9%.

Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.975 milljörðum króna í lok annars ársfjórðungs 2015 sem samsvarar 93,0% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 865,6 milljarða króna í lok ársfjórðungsins, en það samsvarar 40,8% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs dróst saman um 5,7 milljarða króna milli annars ársfjórðungs 2014 og 2015.

Hið opinbera

Heildartekjur hins opinbera hækkuðu um 0,9%


Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 216,5 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2015, sem er 0,9% aukning frá 2. ársfjórðungi 2014. Skatttekjur og tryggingagjöld skiluðu hinu opinbera 187,4 milljörðum króna á 2. ársfjórðungi 2015 en 180,2 milljörðum króna á sama ársfjórðungi 2014.

Útgjöld jukust um 4,2%

Á 2. ársfjórðungi 2015 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera hafi verið 226,8 milljarður króna en þau voru 217,6 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2014. Aukningin milli ára nemur 4,2% sem skýrist m.a. af auknum launakostnaði. Um 59% af heildarútgjöldum hins opinbera eru laun og kaup á vörur og þjónustu. Magnbreyting samneyslu hins opinbera er áætluð 0,9% á öðrum ársfjórðungi 2015 frá sama tímabili í fyrra.



Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs
Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP



Skýringar Notes: Áfallnar ríkisábyrgðir meðtalar í heildarútgjöldum sem hafa veruleg áhrif á afkomu hins opinbera eru 55,5 milljarðar á 4. ársfj. 2010, 19 milljarðar á 4. ársfj. 2011 og 13 milljarðar á 4. ársfj. 2012. Central government debt assumption due to called guarantees of 55.5 billion ISK in 4. quarter 2010, 19 billion ISK in 4. quarter 2011 and 13 billion ISK in 4. quarter 2012 are included.

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 10,3 milljarða

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 10,3 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2015. Nam tekjuhallinn 1,9% af landsframleiðslu ársfjórðungsins en hann var 0,7% af landsframleiðslu á öðrum ársfjórðungi 2014.

Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2014 og 2015
Table 1. General government finances in 2nd quarter 2014 and 2015

| Milljarðar króna Billion ISK | 2. ársfj. 2nd quarter | | | 1.-2. ársfj. 1st–2nd quarter | | |
|---|-----------------------|-------|--------------------------|------------------------------|-------|--------------------------|
| | | | Breyting, % Change, % | | | Breyting, % Change, % |
| | 2014 | 2015 | 2014 | 2015 | 2014 | 2014 |
| 1. Heildartekjur <i>Revenue</i> | 214,5 | 216,5 | 0,9 | 434,2 | 439,2 | 1,1 |
| 2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i> | 217,6 | 226,8 | 4,2 | 424,9 | 456,8 | 7,5 |
| 2.1 Fjárfesting <i>Investment</i> | 14,6 | 14,5 | -0,8 | 25,7 | 25,8 | 0,5 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i> | -3,1 | -10,3 | • | 9,3 | -17,6 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i> | -1,5 | -4,8 | • | 2,1 | -4,0 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i> | -0,7 | -1,9 | • | 1,0 | -1,7 | • |

Ríkissjóður

Tekjuafkoma ríkissjóðs var neikvæð um 5,9 milljarða

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 158,8 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2015 og heildarútgjöld 164,8 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 5,9 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi, eða sem nemur 1,1% af landsframleiðslu ársfjórðungsins.

Þegar fyrstu tveir ársfjórðungar ársins 2015 eru bornir saman við fyrstu tvo árið 2014 þá hafa tekjur ríkissjóðs dregist saman um 0,3% en útgjöld aukist um 9,0%. Skattar og tryggingagjöld skiliðu ríkissjóði um 138 milljörðum króna fyrri hluta ársins 2015 eða 87% tekna hans. Verri afkoma ríkissjóðs skýrist ekki síst af rúm-

lega 17 milljarða útgjöldum til niðurfellingar á skuldum heimilanna sem gjaldfærð voru á fyrri hluta árs.

Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 2. ársfjórðungi 2014 og 2015
Table 2. Central government finances in 2nd quarter 2014 and 2015


| Milljarðar króna Billion ISK | 2. ársfj. 2nd quarter | | | 1.-2. ársfj. 1st–2nd quarter | | |
|--|-----------------------|-------|-------------|------------------------------|-------|-------------|
| | | | Breyting, % | | | Breyting, % |
| | 2014 | 2015 | Change, % | 2014 | 2015 | Change, % |
| 1. Heildartekjur <i>Revenue</i> | 158,5 | 158,8 | 0,2 | 324,9 | 323,8 | -0,3 |
| 2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i> | 156,7 | 164,8 | 5,2 | 306,3 | 333,9 | 9,0 |
| 2.1 Fjárfesting <i>Investment</i> | 8,5 | 8,8 | 3,7 | 14,1 | 14,9 | 6,4 |
| 3. Tekjujöfnuður ($3 = 1 - 2$) <i>Financial bal. ($3 = 1 - 2$)</i> | 1,8 | -5,9 | • | 18,5 | -10,1 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i> | 1,1 | -3,7 | • | 5,7 | -3,1 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i> | 0,4 | -1,1 | • | 2,0 | -1,0 | • |

Á gjaldahlið ríkissjóðs eru umfangsmestu útgjaldaliðirnir fjárfamlög til almannatrygginga, launakostnaður, kaup á vöru og þjónustu og vaxtagjöld. Magnbreyting samneyslu ríkissjóðs mældist 0,0% á öðrum ársfjórðungi 2015, en á sama tíma 2014 var hún -0,6%.

Hrein peningaleg eign ríkissjóðs dróst saman um 18,6 milljarða

Peningalegar eignir ríkissjóðs námu 1.109 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2015, eða sem nemur 52,2% af áætlaðri landsframleiðslu ársins, og hafa þær aukist um 61,9 milljarða króna frá sama ársfjórðungi 2014 eða 5,9%. Á sama tíma hafa skuldir ríkissjóðs aukist um 3,5%, en þær námu 1.975 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2015. Sem hlutfall af áætlaðri landsframleiðslu ársins námu skuldirnar 93,0% á öðrum ársfjórðungi 2015 en voru 95,9% á öðrum ársfjórðungi 2014. Peningalegar eignir umfram skuldir eru því neikvæðar um 865,6 milljarða króna í lok 2. ársfjórðungs 2015 sem nemur 40,8% af áætlaðri landsframleiðslu ársins samanborið við 43,2% á öðrum ársfjórðungi 2014.

Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF
Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP



Sveitarfélög

Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 4,4 milljarða

Heildartekjur sveitarfélaganna á 2. ársfjórðungi 2015 eru áætlaðar 66,6 milljarðar króna og heildarútgjöld 71,0 milljarður. Tekjuhalli þess ársfjórðungs er því áætlaður um 4,4 milljarðar króna. Á sama tíma 2014 var tekjuafkoman neikvæð um 4,5 milljarða króna. Tekjur sveitarfélaga hafa aukist um 4,1% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin um 3,7%.

Um þrír fimmstu hlutar tekna sveitarfélaga eru útsvarstekjur

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögum 40,5 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2015, eða um 61% tekna þeirra. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjalda-liður sveitarfélaganna og nema 46 % af heildarútgjöldum, kaup á vöru og þjónustu fylgja á eftir með 33%. Magnbreyting samneyslu sveitarfélaga mældist -0,1% á öðrum ársfjórðungi en var 2,4% á sama ársfjórðungi 2014.

Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 2. ársfjórðungi 2014 og 2015

Table 3. Local government finances in 2nd quarter 2014 and 2015

| Milljarðar króna Billion ISK | 2. ársfj. 2nd quarter | | 1.–2. ársfj. 1st–2nd quarter | | | |
|---|-----------------------|------|------------------------------|-------|-------|-------------|
| | 2014 | 2015 | Breyting, % | 2014 | 2015 | Breyting, % |
| | | | Change, % | | | Change, % |
| 1. Heildartekjur <i>Revenue</i> | 64,0 | 66,6 | 4,1 | 124,7 | 131,5 | 5,4 |
| 2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i> | 68,5 | 71,0 | 3,7 | 132,3 | 138,3 | 4,6 |
| 2.1 Fjárfesting <i>Investment</i> | 6,1 | 5,7 | -7,1 | 11,6 | 10,8 | -6,7 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i> | -4,5 | -4,4 | • | -7,6 | -6,9 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i> | -7,0 | -6,6 | • | -6,1 | -5,2 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i> | -0,9 | -0,8 | • | -0,8 | -0,7 | • |

Gagna- og aðferðalýsing

Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Auk mánaðarhefta eru fjárlög notuð við matið. Rekstrargrunnur felur í sér að skuld-bindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna eru notuð gögn sem safnað er í gegnum upplýsingaveitu sveitarfélaganna. Upplýsingaveitan er samstarfsverkefni Hagstofunnar, innanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún er vistuð hjá Hagstofu sem jafnframt sér um söfnun gagna frá sveitarfélögum. Gögnin eru á rekstargrunni en einnig er stuðst við fjárhagsáætlanir sem sveitarfélöginn skila inn í veituna. Mat á fjárfestingu sveitarfélaganna er byggt á fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið í heild.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarrafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munurinn á þessum tveimur mælikvörðum er því fólginn í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingu er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

English summary

In the 2nd quarter of 2015, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to a 10.3 billion ISK deficit or 1.9% of quarterly GDP and 4.8% of general government total revenue. Compared to 3.1 billion ISK deficit in the 2nd quarter of 2014 or 0.7% of GDP in that quarter. In first half of the year, the deficit amounted to 17.6 billion ISK, 4.0% of the total revenue.

The general government total revenue is estimated 216,5 billion ISK in the 2nd quarter of 2015, an increase of 0.9% from previous year. Tax revenues increased by 4.0% while other revenue decreased. The total expenditure increased at the same time by 4.2%, from 217.6 billion ISK in 2014 to 226.8 billion ISK in 2015, mainly due to increase in wages and salaries.

The central government total liabilities at the end of the 2nd quarter 2015 amounted to 1,975 billion ISK or 93.0% of GDP. The net financial position of the central government, i.e. the financial assets less liabilities, was negative by 865.6 billion ISK or 40.8% of GDP, compared to 43.2% in the same period last year. Hence, the central government net financial asset position has decreased by 5.7 billion ISK between the 2nd quarters 2014 and 2015.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles, whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. On accrual basis, flows are recorded when they are established regardless of when actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2012–2015

Table 4. Quarterly Government Finances 2012–2015

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices | | Heildartekjur <i>Total revenue</i> | Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i> | — þar af fjárfesting — <i>thereof</i> | Tekjujöfnuður jöfnuður | hlutfall af heildartekjum | Tekjujöfnuður Tekjujöfnuður VLF | hlutfall af Financial balance % of total revenue | Tekjujöfnuður Financial balance % of GDP |
|--|--|---------------------------------------|--|---|---------------------------|------------------------------|---------------------------------------|---|---|
| | | (1) | (2) | (2.1) | (3=1-2) | | | | |
| Hið opinbera The General Government | | | | | | | | | |
| 2012 | | 740,8 | 807,2 | 47,7 | -66,5 | -9,0 | -3,7 | | |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | | 176,4 | 187,7 | 8,4 | -11,3 | -6,4 | -0,6 | | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | | 180,6 | 197,6 | 11,2 | -17,0 | -9,4 | -1,0 | | |
| 3. ársfjórðungur 3rd quarter | | 194,3 | 201,6 | 13,7 | -7,3 | -3,8 | -0,4 | | |
| 4. ársfjórðungur 4th quarter | | 189,5 | 220,3 | 14,4 | -30,8 | -16,3 | -1,7 | | |
| 2013 | | 795,7 | 830,5 | 54,9 | -34,8 | -4,4 | -1,9 | | |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | | 189,3 | 194,7 | 10,1 | -5,3 | -2,8 | -0,3 | | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | | 194,6 | 206,8 | 13,3 | -12,2 | -6,3 | -0,6 | | |
| 3. ársfjórðungur 3rd quarter | | 208,1 | 209,8 | 15,5 | -1,7 | -0,8 | -0,1 | | |
| 4. ársfjórðungur 4th quarter | | 203,7 | 219,2 | 16,0 | -15,6 | -7,6 | -0,8 | | |
| 2014 | | 907,0 | 908,2 | 61,7 | -1,2 | -0,1 | -0,1 | | |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | | 219,7 | 207,4 | 11,1 | 12,4 | 5,6 | 0,6 | | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | | 214,5 | 217,6 | 14,6 | -3,1 | -1,5 | -0,2 | | |
| 3. ársfjórðungur 3rd quarter | | 217,2 | 222,7 | 17,5 | -5,5 | -2,5 | -0,3 | | |
| 4. ársfjórðungur 4th quarter | | 255,6 | 260,6 | 18,6 | -5,0 | -1,9 | -0,2 | | |
| 2015 | | ... | ... | ... | ... | ... | ... | | |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | | 222,7 | 230,0 | 11,3 | -7,3 | -3,3 | -0,3 | | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | | 216,5 | 226,8 | 14,5 | -10,3 | -4,8 | -0,5 | | |
| Ríkissjóður The Central Government | | | | | | | | | |
| 2012 | | 545,5 | 603,9 | 27,9 | -58,3 | -10,7 | -3,3 | | |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | | 131,5 | 138,6 | 4,2 | -7,1 | -5,4 | -0,4 | | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | | 132,5 | 146,1 | 6,4 | -13,6 | -10,3 | -0,8 | | |
| 3. ársfjórðungur 3rd quarter | | 142,9 | 151,0 | 7,7 | -8,0 | -5,6 | -0,5 | | |
| 4. ársfjórðungur 4th quarter | | 138,6 | 168,2 | 9,7 | -29,6 | -21,4 | -1,7 | | |
| 2013 | | 584,5 | 618,0 | 32,4 | -33,5 | -5,7 | -1,8 | | |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | | 140,4 | 143,2 | 4,6 | -2,7 | -1,9 | -0,1 | | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | | 142,4 | 152,2 | 8,1 | -9,8 | -6,9 | -0,5 | | |
| 3. ársfjórðungur 3rd quarter | | 153,4 | 157,1 | 8,9 | -3,7 | -2,4 | -0,2 | | |
| 4. ársfjórðungur 4th quarter | | 148,3 | 165,5 | 10,9 | -17,3 | -11,6 | -0,9 | | |
| 2014 | | 686,1 | 669,8 | 36,7 | 16,3 | 2,4 | 0,8 | | |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | | 166,4 | 149,7 | 5,6 | 16,7 | 10,1 | 0,8 | | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | | 158,5 | 156,7 | 8,5 | 1,8 | 1,1 | 0,1 | | |
| 3. ársfjórðungur 3rd quarter | | 162,6 | 163,1 | 10,1 | -0,5 | -0,3 | 0,0 | | |
| 4. ársfjórðungur 4th quarter | | 198,7 | 200,4 | 12,6 | -1,7 | -0,9 | -0,1 | | |
| 2015 | | ... | ... | ... | ... | ... | ... | | |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | | 165,0 | 169,1 | 6,2 | -4,1 | -2,5 | -0,2 | | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | | 158,8 | 164,8 | 8,8 | -5,9 | -3,7 | -0,3 | | |

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2012–2015 (frh.)
 Table 4. Quarterly Government Finances 2012–2015 (cont.)

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices | Heildartekjur <i>Total revenue</i> | Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i> | — þar af — <i>fjárfesting</i> | Tekjujöfnuður <i>Financial investment</i> | hlutfall af heildartekjum | Tekjujöfnuður Tekjujöfnuður VLF hlutfall af Financial balance % of total revenue | Tekjujöfnuður hlutfall af Financial balance % of GDP |
|--|---------------------------------------|--|----------------------------------|--|------------------------------|--|--|
| | (1) | (2) | (2.1) | (3=1-2) | (2.1) | (3) | (4) |
| | | | | | | | |
| Sveitarfélög The Local Governments | | | | | | | |
| 2012 | 224,4 | 233,0 | 19,7 | -8,6 | -3,8 | -0,5 | |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | 54,1 | 56,1 | 4,2 | -2,1 | -3,9 | -0,1 | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | 55,7 | 58,8 | 4,8 | -3,1 | -5,5 | -0,2 | |
| 3. ársfjórðungur 3rd quarter | 56,9 | 58,5 | 6,0 | -1,5 | -2,7 | -0,1 | |
| 4. ársfjórðungur 4th quarter | 57,7 | 59,6 | 4,7 | -1,9 | -3,3 | -0,1 | |
| 2013 | 243,6 | 250,9 | 22,5 | -7,3 | -3,0 | -0,4 | |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | 58,9 | 60,6 | 5,5 | -1,7 | -2,9 | -0,1 | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | 60,6 | 63,9 | 5,2 | -3,3 | -5,5 | -0,2 | |
| 3. ársfjórðungur 3rd quarter | 61,0 | 62,8 | 6,6 | -1,8 | -3,0 | -0,1 | |
| 4. ársfjórðungur 4th quarter | 63,1 | 63,6 | 5,1 | -0,5 | -0,8 | 0,0 | |
| 2014 | 254,9 | 271,0 | 25,0 | -16,1 | -6,3 | -0,8 | |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | 60,7 | 63,8 | 5,5 | -3,2 | -5,2 | -0,2 | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | 64,0 | 68,5 | 6,1 | -4,5 | -7,0 | -0,2 | |
| 3. ársfjórðungur 3rd quarter | 64,0 | 68,5 | 7,4 | -4,5 | -7,1 | -0,2 | |
| 4. ársfjórðungur 4th quarter | 66,2 | 70,2 | 6,0 | -3,9 | -6,0 | -0,2 | |
| 2015 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | 64,9 | 67,3 | 5,1 | -2,5 | -3,8 | -0,1 | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | 66,6 | 71,0 | 5,7 | -4,4 | -6,6 | -0,2 | |
| Almannatryggingar The Social Security Funds | | | | | | | |
| 2012 | 157,8 | 157,3 | 0,0 | 0,5 | 0,3 | 0,0 | |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | 35,8 | 37,9 | 0,0 | -2,1 | -5,9 | -0,1 | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | 37,9 | 38,2 | 0,0 | -0,3 | -0,9 | 0,0 | |
| 3. ársfjórðungur 3rd quarter | 41,9 | 39,6 | 0,0 | 2,3 | 5,4 | 0,1 | |
| 4. ársfjórðungur 4th quarter | 42,3 | 41,6 | 0,0 | 0,7 | 1,7 | 0,0 | |
| 2013 | 166,8 | 160,8 | 0,0 | 6,0 | 3,6 | 0,3 | |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | 37,8 | 38,8 | 0,0 | -0,9 | -2,4 | 0,0 | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | 40,0 | 39,1 | 0,0 | 1,0 | 2,4 | 0,1 | |
| 3. ársfjórðungur 3rd quarter | 44,3 | 40,5 | 0,0 | 3,8 | 8,5 | 0,2 | |
| 4. ársfjórðungur 4th quarter | 44,7 | 42,5 | 0,0 | 2,2 | 4,9 | 0,1 | |
| 2014 | 168,6 | 170,0 | 0,0 | -1,4 | -0,8 | -0,1 | |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | 41,0 | 42,2 | 0,0 | -1,2 | -2,9 | -0,1 | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | 41,2 | 41,7 | 0,0 | -0,5 | -1,1 | 0,0 | |
| 3. ársfjórðungur 3rd quarter | 41,5 | 42,0 | 0,0 | -0,5 | -1,1 | 0,0 | |
| 4. ársfjórðungur 4th quarter | 44,8 | 44,1 | 0,0 | 0,7 | 1,6 | 0,0 | |
| 2015 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 1. ársfjórðungur 1st quarter | 43,4 | 44,1 | 0,0 | -0,7 | -1,7 | 0,0 | |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | 43,7 | 43,7 | 0,0 | 0,0 | 0,1 | 0,0 | |

Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2014–2015

Table 5. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2014–2015

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices | 2014 | | | | 2015 | | |
|--|---------------|-----------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| | Alls Total | Ársfjórðungar (Á) Quarters (Q) | | IV | Á Q | | |
| | | I | II | | III | I | II |
| 1 Heildartekjur Total revenue | 907,0 | 219,7 | 214,5 | 217,2 | 255,6 | 222,7 | 216,5 |
| 11 Skatttekjur Taxes | 700,8 | 161,5 | 162,5 | 171,6 | 205,3 | 168,6 | 168,6 |
| 111 Skattar á tekjur Taxes on revenue | 360,5 | 85,6 | 89,4 | 87,9 | 97,5 | 92,4 | 94,0 |
| 112 Skattar á laun Taxes on payroll | 7,0 | 1,7 | 1,7 | 1,7 | 1,7 | 1,7 | 1,7 |
| 113 Eignarskattar Property taxes | 49,6 | 12,7 | 12,3 | 12,2 | 12,5 | 10,7 | 10,5 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu Taxes on goods and services | 233,9 | 57,6 | 54,5 | 65,5 | 56,2 | 60,4 | 58,4 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti Taxes on international trade | 6,1 | 1,2 | 1,5 | 1,5 | 1,8 | 1,3 | 1,6 |
| 116 Aðrir skattar Other taxes | 43,8 | 2,6 | 3,0 | 2,7 | 35,6 | 2,1 | 2,3 |
| 12 Tryggingagjöld Social contributions | 73,4 | 17,4 | 17,7 | 18,9 | 19,4 | 18,6 | 18,9 |
| 13 Fjárfamlög Grants | 2,5 | 1,2 | 0,9 | 0,1 | 0,4 | 1,9 | 0,4 |
| 14 Aðrar tekjur Other revenue | 130,2 | 39,7 | 33,4 | 26,6 | 30,5 | 33,6 | 28,6 |
| 2 Heildarútgjöld Total expenditure | 908,2 | 207,4 | 217,6 | 222,7 | 260,6 | 230,0 | 226,8 |
| 21 Laun Wages | 275,7 | 63,2 | 70,0 | 69,5 | 73,0 | 68,4 | 74,7 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu Use of goods and services | 230,0 | 56,1 | 57,4 | 55,8 | 60,7 | 57,8 | 59,9 |
| 23 Afskriftir Consumption of fixed capital | 39,6 | 9,9 | 9,9 | 9,9 | 9,9 | 10,1 | 10,1 |
| 24 Vaxtagjöld Interest | 94,8 | 24,9 | 23,3 | 26,7 | 19,9 | 25,0 | 23,7 |
| 25 Framleiðslustyrkir Subsidies | 29,5 | 7,3 | 7,3 | 7,1 | 7,7 | 7,3 | 7,3 |
| 26 Fjárfamlög Grants | 5,2 | 0,9 | 1,3 | 1,2 | 1,7 | 0,8 | 1,2 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila Social benefits | 139,4 | 34,2 | 34,1 | 34,9 | 36,2 | 34,8 | 34,3 |
| 28 Önnur útgjöld Other expenditure | 71,9 | 9,7 | 9,5 | 10,0 | 42,7 | 24,6 | 11,2 |
| 31 Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets | 61,7 | 11,1 | 14,6 | 17,5 | 18,6 | 11,3 | 14,5 |
| 23 Afskriftir Consumption of fixed capital | -39,6 | -9,9 | -9,9 | -9,9 | -9,9 | -10,1 | -10,1 |
| Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB) | -1,2 | 12,4 | -3,1 | -5,5 | -5,0 | -7,3 | -10,3 |
| Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue | -0,1 | 5,6 | -1,5 | -2,5 | -1,9 | -3,3 | -4,8 |
| Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP | -0,1 | 0,6 | -0,2 | -0,3 | -0,2 | -0,3 | -0,5 |
| Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP | 45,6 | 11,0 | 10,8 | 10,9 | 12,9 | 10,5 | 10,2 |
| Heildarútgjöld % af VLF Total expenditure % of GDP | 45,7 | 10,4 | 10,9 | 11,2 | 13,1 | 10,8 | 10,7 |

Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2014–2015
 Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2014–2015

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices | Alls <i>Total</i> | 2014 | | | | 2015 | | |
|--|----------------------|--|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|-------------------------|
| | | Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i> | | I | II | III | IV | Á Q <i>Average Q</i> |
| | | I | II | | | | | |
| 1 Heildartekjur Total revenue | 686,1 | 166,4 | 158,5 | 162,6 | 198,7 | 165,0 | 158,8 | |
| 11 Skatttekjur Taxes | 511,0 | 116,9 | 114,9 | 123,3 | 155,9 | 120,5 | 119,0 | |
| 111 Skattar á tekjur Taxes on revenue | 204,3 | 49,4 | 50,3 | 48,2 | 56,4 | 53,3 | 53,4 | |
| 112 Skattar á laun Taxes on payroll | 7,0 | 1,7 | 1,7 | 1,7 | 1,7 | 1,7 | 1,7 | |
| 113 Eignarskattar Property taxes | 17,5 | 4,6 | 4,2 | 4,1 | 4,5 | 2,1 | 1,9 | |
| 114 Skattar á vörum og þjónustu Taxes on goods and services | 232,4 | 57,2 | 54,1 | 65,1 | 56,0 | 60,0 | 58,0 | |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti Taxes on international trade | 6,1 | 1,2 | 1,5 | 1,5 | 1,8 | 1,3 | 1,6 | |
| 116 Aðrir skattar Other taxes | 43,8 | 2,6 | 3,0 | 2,7 | 35,6 | 2,1 | 2,3 | |
| 12 Tryggingagjöld Social contributions | 73,4 | 17,4 | 17,7 | 18,9 | 19,4 | 18,6 | 18,9 | |
| 13 Fjárfamlög Grants | 10,4 | 2,4 | 2,5 | 2,7 | 2,8 | 2,5 | 2,6 | |
| 14 Aðrar tekjur Other revenue | 91,3 | 29,7 | 23,4 | 17,6 | 20,6 | 23,3 | 18,3 | |
| 2 Heildarútgjöld Total expenditure | 669,8 | 149,7 | 156,7 | 163,1 | 200,4 | 169,1 | 164,8 | |
| 21 Laun Wages | 135,1 | 31,6 | 34,2 | 33,8 | 35,5 | 33,4 | 36,6 | |
| 22 Kaup á vörum og þjónustu Use of goods and services | 104,3 | 24,0 | 26,0 | 25,8 | 28,5 | 24,4 | 26,3 | |
| 23 Afskriftir Consumption of fixed capital | 28,9 | 7,2 | 7,3 | 7,2 | 7,2 | 7,4 | 7,4 | |
| 24 Vaxtagjöld Interest | 87,2 | 23,0 | 21,4 | 24,8 | 18,0 | 23,1 | 21,8 | |
| 25 Framleiðslustyrkir Subsidies | 25,1 | 6,2 | 6,2 | 6,0 | 6,6 | 6,2 | 6,2 | |
| 26 Fjárfamlög Grants | 199,9 | 47,4 | 48,7 | 50,1 | 53,7 | 49,5 | 52,0 | |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila Social benefits | 18,8 | 4,4 | 4,5 | 4,7 | 5,1 | 4,1 | 4,3 | |
| 28 Önnur útgjöld Other expenditure | 62,7 | 7,4 | 7,1 | 7,7 | 40,4 | 22,2 | 8,8 | |
| 31 Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets | 36,7 | 5,6 | 8,5 | 10,1 | 12,6 | 6,2 | 8,8 | |
| 33 Afskriftir Consumption of fixed capital | -28,9 | -7,2 | -7,3 | -7,2 | -7,2 | -7,4 | -7,4 | |
| Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB) | 16,3 | 16,7 | 1,8 | -0,5 | -1,7 | -4,1 | -5,9 | |
| Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue | 2,4 | 10,1 | 1,1 | -0,3 | -0,9 | -2,5 | -3,7 | |
| Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP | 0,8 | 0,8 | 0,1 | 0,0 | -0,1 | -0,2 | -0,3 | |
| Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP | 34,5 | 8,4 | 8,0 | 8,2 | 10,0 | 7,8 | 7,5 | |
| Heildarútgjöld % af VLF Total expenditure % of GDP | 33,7 | 7,5 | 7,9 | 8,2 | 10,1 | 8,0 | 7,8 | |

Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2014–2015

Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2014–2015

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices | 2014 | | | | 2015 | |
|--|---------------|-----------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| | Alls Total | Ársfjórðungar (Á) Quarters (Q) | | IV | Á | Q |
| | | I | II | | I | II |
| 1 Heildartekjur Total revenue | 254,9 | 60,7 | 64,0 | 64,0 | 66,2 | 64,9 |
| 11 Skatttekjur Taxes | 189,8 | 44,6 | 47,6 | 48,3 | 49,4 | 48,1 |
| 111 Skattar á tekjur Taxes on revenue | 156,2 | 36,2 | 39,1 | 39,8 | 41,1 | 39,1 |
| 112 Skattar á laun Taxes on payroll | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar Property taxes | 32,2 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | 8,6 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu Taxes on goods and services | 1,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,2 | 0,4 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti Taxes on international trade | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar Other taxes | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld Social contributions | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárfamlög Grants | 28,6 | 6,7 | 7,0 | 7,4 | 7,5 | 7,1 |
| 14 Aðrar tekjur Other revenue | 36,4 | 9,4 | 9,4 | 8,4 | 9,4 | 9,6 |
| 2 Heildarútgjöld Total expenditure | 271,0 | 63,8 | 68,5 | 68,5 | 70,2 | 67,3 |
| 21 Laun Wages | 120,4 | 26,9 | 30,7 | 30,6 | 32,3 | 29,8 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu Use of goods and services | 90,0 | 22,6 | 22,8 | 21,7 | 23,0 | 23,3 |
| 23 Afskriftir Consumption of fixed capital | 10,7 | 2,7 | 2,7 | 2,7 | 2,7 | 2,7 |
| 24 Vaxtagjöld Interest | 7,5 | 1,9 | 1,9 | 1,9 | 1,9 | 1,9 |
| 25 Framleiðslustyrkir Subsidies | 4,2 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,1 |
| 26 Fjárfamlög Grants | 1,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,3 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila Social benefits | 13,7 | 3,4 | 3,4 | 3,4 | 3,4 | 3,5 |
| 28 Önnur útgjöld Other expenditure | 8,9 | 2,2 | 2,2 | 2,2 | 2,2 | 2,3 |
| 31 Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets | 25,0 | 5,5 | 6,1 | 7,4 | 6,0 | 5,1 |
| 23 Afskriftir Consumption of fixed capital | -10,7 | -2,7 | -2,7 | -2,7 | -2,7 | -2,7 |
| Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB) | -16,1 | -3,2 | -4,5 | -4,5 | -3,9 | -2,5 |
| Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue | -6,3 | -5,2 | -7,0 | -7,1 | -6,0 | -3,8 |
| Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP | -0,8 | -0,2 | -0,2 | -0,2 | -0,2 | -0,2 |
| Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP | 12,8 | 3,1 | 3,2 | 3,2 | 3,3 | 3,1 |
| Heildarútgjöld % af VLF Total expenditure % of GDP | 13,6 | 3,2 | 3,4 | 3,4 | 3,5 | 3,2 |
| | | | | | | |

Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2014–2015

Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2014–2015

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices | Alls <i>Total</i> | 2014 | | | | 2015 | |
|--|----------------------|-----------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| | | Ársfjórðungar (Á) Quarters (Q) | | | | Á I | Q II |
| | | I | II | III | IV | | |
| 1 Heildartekjur Total revenue | 168,6 | 41,0 | 41,2 | 41,5 | 44,8 | 43,4 | 43,7 |
| 11 Skatttekjur Taxes | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 111 Skattar á tekjur Taxes on revenue | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 112 Skattar á laun Taxes on payroll | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar Property taxes | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu Taxes on goods and services | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti Taxes on international trade | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar Other taxes | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld Social contributions | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárfamlög Grants | 166,1 | 40,4 | 40,6 | 40,9 | 44,2 | 42,8 | 43,1 |
| 14 Aðrar tekjur Other revenue | 2,4 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,6 |
| 2 Heildarútgjöld Total expenditure | 170,0 | 42,2 | 41,7 | 42,0 | 44,1 | 44,1 | 43,7 |
| 21 Laun Wages | 20,2 | 4,8 | 5,1 | 5,0 | 5,2 | 5,2 | 5,3 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu Use of goods and services | 35,8 | 9,5 | 8,7 | 8,4 | 9,3 | 10,1 | 10,1 |
| 23 Afskriftir Consumption of fixed capital | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 24 Vaxtagjöld Interest | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 25 Framleiðslustyrkir Subsidies | 0,2 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,0 | 0,0 |
| 26 Fjárfamlög Grants | 6,5 | 1,5 | 1,6 | 1,7 | 1,8 | 1,5 | 1,6 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila Social benefits | 106,9 | 26,3 | 26,2 | 26,7 | 27,7 | 27,2 | 26,5 |
| 28 Önnur útgjöld Other expenditure | 0,3 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 31 Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 23 Afskriftir Consumption of fixed capital | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB) | -1,4 | -1,2 | -0,5 | -0,5 | 0,7 | -0,7 | 0,0 |
| Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue | -0,8 | -2,9 | -1,1 | -1,1 | 1,6 | -1,7 | 0,1 |
| Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP | -0,1 | -0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP | 8,5 | 2,1 | 2,1 | 2,1 | 2,3 | 2,0 | 2,1 |
| Heildarútgjöld % af VLF Total expenditure % of GDP | 8,5 | 2,1 | 2,1 | 2,1 | 2,2 | 2,1 | 2,1 |

Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2012–2015

Table 9. Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2012–2015

| | 2012 Á Q IV | 2013 Á Q IV | 2014 Á Q IV | 2014 Ársfj. Quarters | | 2015 Ársfj. Quarters | |
|--|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------------|----------------|-------------------------|----------------|
| | | | | I | II | I | II |
| Peningalegar eignir Financial assets | 1.104,6 | 1.041,3 | 1.163,1 | 1.006,4 | 1.047,5 | 1.140,0 | 1.109,4 |
| Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i> | 484,4 | 403,9 | 512,6 | 369,6 | 385,9 | 491,0 | 479,4 |
| Lánveitingar <i>Loans</i> | 160,7 | 163,5 | 168,1 | 166,1 | 166,4 | 159,7 | 144,3 |
| Hlutafé <i>Shares and other equity</i> | 334,7 | 340,2 | 352,4 | 340,4 | 365,3 | 351,6 | 351,6 |
| Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i> | 124,8 | 133,7 | 129,9 | 130,4 | 129,9 | 137,7 | 134,1 |
| Skuldir Liabilities | 1.934,7 | 1.917,2 | 2.001,7 | 1.894,0 | 1.907,4 | 2.009,0 | 1.974,9 |
| Verðbréf <i>Securities</i> | 792,8 | 823,3 | 853,8 | 816,8 | 828,6 | 872,6 | 859,6 |
| Lántökur <i>Loans</i> | 710,1 | 638,1 | 642,2 | 609,9 | 610,0 | 638,7 | 616,6 |
| Innlend lán <i>Domestic loans</i> | 276,8 | 249,6 | 228,0 | 253,8 | 254,5 | 226,7 | 222,5 |
| Erlend lán <i>Foreign loans</i> | 433,3 | 388,5 | 414,2 | 356,1 | 355,5 | 412,0 | 394,1 |
| Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i> | 373,0 | 388,5 | 407,7 | 407,7 | 407,7 | 435,7 | 435,7 |
| Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i> | 58,8 | 67,3 | 98,1 | 59,6 | 61,0 | 62,1 | 63,1 |
| Hrein peningaleg eign Net financial assets | -830,2 | -876,0 | -838,6 | -887,6 | -859,9 | -869,0 | -865,6 |
| Hlutfall af vergri landsframleiðslu % of Gross Domestic Product (GDP) | | | | | | | |
| Peningalegar eignir Financial assets | 62,2 | 55,4 | 58,5 | 50,6 | 52,7 | 53,7 | 52,2 |
| Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i> | 27,3 | 21,5 | 25,8 | 18,6 | 19,4 | 23,1 | 22,6 |
| Lánveitingar <i>Loans</i> | 9,0 | 8,7 | 8,5 | 8,4 | 8,4 | 7,5 | 6,8 |
| Hlutafé <i>Shares and other equity</i> | 18,9 | 18,1 | 17,7 | 17,1 | 18,4 | 16,6 | 16,6 |
| Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i> | 7,0 | 7,1 | 6,5 | 6,6 | 6,5 | 6,5 | 6,3 |
| Skuldir Liabilities | 109,0 | 102,1 | 100,6 | 95,2 | 95,9 | 94,6 | 93,0 |
| Verðbréf <i>Securities</i> | 44,7 | 43,8 | 42,9 | 41,1 | 41,7 | 41,1 | 40,5 |
| Lántökur <i>Loans</i> | 40,0 | 34,0 | 32,3 | 30,7 | 30,7 | 30,1 | 29,0 |
| Innlend lán <i>Domestic loans</i> | 15,6 | 13,3 | 11,5 | 12,8 | 12,8 | 10,7 | 10,5 |
| Erlend lán <i>Foreign loans</i> | 24,4 | 20,7 | 20,8 | 17,9 | 17,9 | 19,4 | 18,6 |
| Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i> | 21,0 | 20,7 | 20,5 | 20,5 | 20,5 | 20,5 | 20,5 |
| Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i> | 3,3 | 3,6 | 4,9 | 3,0 | 3,1 | 2,9 | 3,0 |
| Hrein peningaleg eign Net financial assets | -46,8 | -46,6 | -42,2 | -44,6 | -43,2 | -40,9 | -40,8 |

Hagtíðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

100. árg. • 33. tbl. 2015:11

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (prentútgáfa print edition) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa PDF)

Verð kr. Price ISK 900 • € 7

Umsjón Supervision Hólsmríður S. Sigurðardóttir • holmfridur.sigurdardottir@hagstofa.is

Sími Telephone +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands Statistics Iceland • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími Fax +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afritinu. Vinsamlegast getið heimildar. Please quote the source.

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series